


Viðhorf veiðifélaga til rafrænnar veiðiskráningar Niðurstöður viðhorfskönnunar

Guðni Guðbergsson
Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir
Sigurður Guðjónsson

Ágúst 2004

VMST-R/0420



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík. Sími: 5676400; Fax: 5676420

www.veidimal.is

gudni.gudbergsson@veidimal.is

EFNISYFIRLIT	bls
Inngangur.....	1
Niðurstöður	2
Umræður.....	18
Viðauki. Spurningalisti	19

Inngangur

Skráning veiðitalna úr ám og vötnum landsins á sér langa sögu. Í upphafi 20. aldarinnar voru það hreppsstjórar sem áttu að safna saman tölum um veiði. Eftir að embætti veiðimálastjóra var sett á laggirnar 1946 tók hann við þessu hlutverki. Var þá farið að skrá veiði í þar til gerðar veiðibækur ásamt því að skrá upplýsingar um einstaka fiska. Skráning veiði er einn af hornsteinum nýtingar á fiskstofnum í fersku vatni hér á landi og það skráningarkerfi sem hér er starfrækt er með því besta sem þekktist. Árið 1974 var byrjað að tölvuskrá upplýsingar úr veiðibókum og hefur það verið gert samfellt síðan. Miklar framfarir hafa orðið í reikni- og geymslugetu tölva og einnig í rafrænum samskiptum. Árið 1999 var farið að undirbúa vélræna skráningu úr veiðibókum (skönnun). Fljótlega kom í ljós að meiri vinna yrði við að yfirfara og leiðrétta vélræna skráningu en að handskrá upplýsingarnar beint úr veiðibókunum eins og gert er nú. Á síðustu árum hafa rafræn samskipti aukist til muna og má nefna rafræna gerð skattframtala sem dæmi um slíkt. Upp hafa komið hugmyndir um að koma á laggirnar rafrænni skráningu og skilum á veiðitölum og spara þar með innsláttarvinnu auk þess sem þá gætu upplýsingar um veiði legið fyrir jafnóðum yfir veiðitímann. Mögulegt er að gera þær tölur aðgengilegar almenningi um netið. Nokkrir aðilar hafa að undanförunu sýnt þessu áhuga og leitað eftir samstarfi við Veiðimálastofnun um þróun á slíkum kerfum auk þess að fá aðgengi að gagnabönkum stofnunarinnar.

Sá árangur sem náðst hefur við skráningu veiði er ekki síst vegna góðs samstarfs Veiðimálastofnunar, veiðifélaganna í landinu og síðast en ekki síst veiðimanna sjálfra. Það er mikils um vert að slíkt samstarf haldist og að ekki verði farið í breytingar á núverandi skráningarkerfi öðruvísi en að ljóst sé að þær komi til með að verða til bóta og taki fram núverandi skráningarkerfi og að samstaða ríki um breytingarnar. Ekki er vænlegt að gera breytingar sem raska því kerfi sem er við líði öðru vísi en að tryggt sé að gagnasöfnun verði eins góð eða betri.

Til að kanna hug veiðifélaga til rafrænnar skráningar var útbúinn spurningalisti fyrir veiðifélög og honum dreift á aðalfundi Landsambands veiðifélaga sem haldinn var í júní 2004 að Skógum. Spurningalistinn í heild sinni er í viðauka. Fyrstu 13 spurningarnar lúta að skráningu veiði og afstöðu til breytinga yfir í rafræna skráningu. Spurningar 14-22 eru almennar varðandi fiskstofna og nýtingu. Spurningar 23-25 snúa að veiðifélögum, þeim tegundum sem eru uppistaða veiðinnar og veltu veiðifélaganna. Alls bárust 28 svör og olli lítill þátttaka vonbrigðum. Það hversu fá svör bárust takmarkar marktækni þessarar könnunar og niðurstöður hennar.

Niðurstöður

Farið er yfir svörun og niðurstöður hvernar spurningar fyrir sig í þeirri röð sem þær komu í spurningalista.


1. Hvert telur þú ástand núverandi skráningar á veiði í ám og vötnum?

Í heild álitu jafnmargir og flestir að ástand veiðiskráningar væri gott eða sæmilegt en nokkur munur kom fram eftir þeim tegundum sem eru ríkjandi í ám og vötnum á viðkomandi félagssvæðum (1. mynd).




1. (A) Niðurstaða spurningar 1. Öll svör samanlagt. Fjöldi svara 27.

Nokkur munur kom fram í því að skráning er talin í betra horfi í ám þar sem lax er í meirihluta veiðinnar (1 B) en verra þar sem silungur var uppistaða veiðinnar (1 C). Þessar niðurstöður koma ekki á óvart og kalla á frekari vinnu við að bæta skráningu á silungsveiði.



1 (B.) Svar við spurningu 1 frá þeim aðilum þar sem lax er sú fisktegund sem er meirihluti veiðinnar. Fjöldi svara 20.



1 (C). Svar við spurningu 1 frá þeim aðilum þar sem silungur er veiddur eingöngu eða er sú fisktegund sem er meirihluti veiðinnar. Fjöldi svara 6.

2. Er veiðiskráningin að skila þeim upplýsingum sem veiðifélög þurfa?


Yfirgnæfandi meirihluti svara benda til að þær upplýsingar sem safnað er gagnist veiðifélögum. Vert er að gæta að því að nokkrir aðilar svöruðu neitandi og er ástæða til að kanna ástæður þess frekar.




2. Niðurstöður spurningar 2. Fjöldi svara 23.

3. Hver telur þú vera gæði skráningar á veiði hér á landi?


Yfir 70% svarenda töldu að ástand skráningar á veiði hér á landi væri mjög gott eða gott (3 A). Hér kom aftur fram munur á milli þeirra vatnakerfa þar sem lax er uppistaðan í veiðinni (3 B) og þar sem silungur er aðal veiðitegundin (3 C).



3 (A). Niðurstöður spurningar 3 samanlagt. Fjöldi svara 27.




3 (B). Svar við spurningu 3 frá þeim aðilum þar sem lax er sú fisktegund sem er meirihluti veiðinnar. Fjöldi svara 20.




3 C. Svar við spurningu 3 frá þeim aðilum þar sem silungur er veiddur eingöngu eða er sú fisktegund sem er meirihluti veiðinnar. Alls voru þeir aðilar 6.

4. Hvern telur þú vera áreiðanleika skráninga? (Vinsamlega tilgreinið líklega skekkju skráninga í prósentum).

Hér kom enn fram munur eftir því hvort lax var aðal veiðitegundin 4 (A) eða að silungur var uppistaða veiðinnar 4 (B). Hér kemur enn fram að nokkuð er í land með að veiðiskráning á silungi sé sambærileg veiði skráningu á laxveiði sem er verðugt verkefni til að takast á við og bæta úr.



4 (A). Svar við spurningu 4 frá þeim aðilum þar sem lax er sú fisktegund sem er meirihluti veiðinnar. Þessir aðilar töldu vanskráningu að meðaltali 11,2% (spönn 3,5-25%). Fjöldi svara 15.



4 (B). Svar við spurningu 4 frá þeim aðilum þar sem silungur er veiddur eingöngu eða er sú fisktegund sem er meirihluti veiðinnar. Þessir aðilar töldu vanskráningu að meðaltali 26,7% (spönn 20-30%). Alls voru þeir aðilar 6.

5. Hvert telur þú hlutfall ólöglegar veiði vera á þínu félagssvæði (átt er við veiði utan veiðitíma, meðafla í silunganet og aðra ólöglega veiði)

Að meðaltali töldu félagsmenn að 2,4% (0-10%) umfram framtaldar veiðitölur væru vegna ólöglegar veiði. Fjöldi svara var 16.


6. Hvað má betur gera varðandi skráningu veiði?

Þessi spurning var opin fyrir svörum. Alls komu fram eftirfarandi atriði sem voru til tekin. Ekki er um forgangs röðun að ræða.

- Fylgja eftir skráningu á réttan veiðistað.
- Eigendur láti fylgjast með skráningu.
- Kynna fólki hvers vegna og til hvers skráningin er. Hversu mikilvægar upplýsingarnar eru.
- Skoða þarf áhrif veiða og sleppa á áreiðanleika skráningar.
- Eftirlit þarf að vera betra.
- Bæta þarf skráningu á silungsveiði.
- Alltaf má gera betur.

7. Er sítenging (ADSL eða ISDN) fyrir tölvu í veiðihúsinu (á skráningarstað)?


Af þeim sem svöruðu höfðu veiðihús 25% viðkomandi veiðifélaga hraðvirka nettengingu (ADSL eða ISDN) en 75% höfðu ekki slíka tengingu.



7. Svar við spurningu 7. Fjöldi svara 24.

8. Telur þú að sítenging (ADSL eða ISDN) fyrir tölvu verði sett í veiðihúsið (skráningarstaðinn) á næstunni?


Af þeim sem svöruðu töldu 22% að háhraðatengi fyrir tölvur yrðu settar í veiðihúsin á næstunni en 78% bjuggust ekki við því. Hafa ber í huga að þeir sem þegar hafa tengingu eru ekki með í þessu svari.



8. Svar við spurningu 8. Fjöldi svara 18.

9. Ert þú fylgjandi rafrænni skráningu á veiðitölum í veiðihúsum?


Af þeim sem svöruðu þessari spurningu voru 42% fylgjandi rafrænni skráningu á veiðitölum í veiðihúsum og jafnmargir töldu hana ekki tímabæra. Hlutfall þerra sem voru andvígir rafrænni skráningu var 15%.



9. Svör við spurningu 9. Fjöldi svara 26.

10. Telur þú að veiðifélagið geti hagnast á rafrænni skráningu á veiðitölum í veiðihúsum?


Álíka fjöldi svarenda töldu að veiðifélög gætu hagnast á rafrænni skráningu og sá fjöldi sem taldi svo ekki vera



10. Svör við spurningu 10. Fjöldi svara 23.

11. Ef farið verður út í rafræna skráningu á veiði telur þú að þitt veiðifélag sé líklegt til að taka þátt í henni?


Af þeim sem afstöðu tóku töldu 44% svarenda að þeir myndu taka þátt í rafrænni skráningu en 24% að þeir myndu ekki taka þátt. Alls töldu 32% að þeir myndu ekki verða þátttakendur í rafrænni skráningu.



11. Svör við spurningu 11. Fjöldi svara 25.

12. Ef farið verður út í rafræna skráningu veiði í veiðihúsum telur þú að birta eigi upplýsingar reglulega á netinu?


Langflestir svarenda 75% töldu rétt að birta veiðitölur jafnóðum á netinu en einungis 8% voru því andvígir. Af svarendum töldu 17% rétt að bíða með birtingu talna þar til eftir veiðitíma. Rétt er að gefa þessum hlutföllum gaum og fá betri skýringar á svörum þeirra sem eru andvígir birtingu veiðitalna, eða takmörkun á þeim, á netinu



12. Svör við spurningu 12. Fjöldi svara 24.

13. Hvaða upplýsingar finnst þér að megi birtast í rafrænni skráningu (krossa má við fleiri en einn lið)?


Langflestir svarenda (62%) töldu að birta mættu allar upplýsingar úr veiðibókum á netinu en 38% tiltóku einhverjar takmarkanir á birtingum. Hér koma svipaðar niðurstöður og í spurningu 12 sem vert er að greina betur.



13. Svör við spurningu 13. Fjöldi svara 21.

14. Hver er afstaða þín til “veiða og sleppa”.

Alls voru 75% svarenda fylgjandi veiða og sleppa, 17% voru mótfallnir og 8% töldu hana ekki eiga við hér á landi. Helstu áhyggjur tengdar veiða og sleppa sem tilgreindar voru lutu að því að fiskur myndi drepast eftir sleppingu.






14. Svör við spurningu 14. Fjöldi svara 24.




15. Hver eru mikilvægustu málefni varðandi veiði og veiðinýtingu? Raðið í sæti með númerum eftir mikilvægi þar sem 1 er mikilvægast, 2 næst mikilvægast og svo frv.

- Umhverfismál og ímynd ()
 Verndun stofna og sjálfbær nýting ()
 Verðlagning veiði og sala veiðileyfa ()
 Rannsóknir ()
 Fiskrækt ()
 Veiðieftirlit ()
 Stjórnun veiðimála og lagarammi ()
 Annað ()
 Ef annað, hvað: _____

Þessi spurning er af nokkuð öðrum toga en þær fyrri og niðurstöðum raðað eftir því í hvaða sæti viðkomandi lið var raðað.

Af svörum við þessum spurningum má ráða að sjálfbær nýting og verndun fiskstofna, umhverfismál og ímynd eru talin mikilvægustu þættirnir ásamt rannsóknum.






15. Skipan atriða í spurningu 15 í sæti eftir mikilvægi. Fjöldi svara 23.

16. Hvernig metur þú ástand fiskstofns (stofna) á þínu félagssvæði?


Langflestir svarenda (88%) töldu að ástand fiskstofna á þeirra félagssvæði væri gott eða mjög gott. Færri (12%) töldu að ástand fiskstofna á þeirra félagssvæði væri slæmt eða óviðunandi.



16. Svör við spurningu 16. Fjöldi svara 26.

17. Hvernig metur þú veiðiálag á fiskstofna á þínu vatnasvæði?


Flestir svarenda (76%) töldu að veiðiálag á fiskstofna á þeirra vatnasvæði væri hæfilegt en 8% að það væri of hátt og 16% töldu sig ekki hafa upplýsingar um veiðiálag. Vert er að hafa í huga að veiðiálag er einungis þekkt í fáum ám þar sem teljarar eru starfræktir og hægt er að bera saman heildarfiskgöngu og veiði.



17. Svör við spurningu 17. Fjöldi svara 25.

18. Hverja telur þú vera stöðu þekkingar og rannsókna á fiskstofnum hér á landi?


Af svarendum töldu 72% að þekking á stöðu fiskstofna væri of lítil, 24% að hún væri hæfileg og 4% að hún væri of mikil.



18. Svör við spurningu 18. Fjöldi svara 25.

19. Hvert af eftirtöldu telur þú helst skorta á varðandi þekkingu fyrir nýtingu fiskstofna almennt (merkja má við fleiri en einn lið)?


Flestir svarenda töldu að mest skorti á upplýsingar um veiðiálag, stofnstærð og afföll laxa í sjó og tengsla milli stærðar hrygningarstofns og nýliðunar.



19. Svar við spurningu 19. Fjöldi svarenda 24.

20. Þær upplýsingar sem veiðifélagið hefur um fiskstofna á félagssvæðinu eru (krossa má við fleiri en einn lið)?

Af þeim sem svöruðu höfðu 65% veiðifélaga látið fara fram reglulegar úttektir á seiðabúskap og árgangastyrkleika seiða. Helmingur svarenda stendur fyrir reglulegu veiðiefirliti og í sama hlutfalli töldu veiðifélög sig fara eftir ráðleggingum fiskifræðinga varðandi fiskrækt og nýtingu. Um 46% stóðu fyrir reglulegri hreistursöfnun en 42% höfðu einungis veiðiskráningu til að byggja á varðandi nýtingu viðkomandi veiðivatna sem er umhugsunarefni ekki síst í ljósi þess að hversu margir tiltaka mikilvægi sjálfbærar nýtingar.



20. Svör við spurningu 20. Fjöldi svarenda 26.

21. Hvert telur þú að verði almennt helsta málefni varðandi nýtingu veiði í ám og vötnum í nánustu framtíð?

Eftirfarandi atriði voru tiltekin en ekki er um forgangs röðun að ræða:

Nýting fari fram í sátt við náttúruna/ Sjálfbær nýting.

Rannsóknir á laxi í sjó.

Rannsóknir á veiðiþoli.

Fiskrækt.

Stofnstærð og veiðiálag.

Bæta aðgengi og aðstöðu.


Rannsóknir á lífríki.

Uppbygging á stórfiski.

Auka nýtingu á silungi.

22. Hver telur þú að verði almenn þróun í verðlagningu á veiðileyfum hér á landi.

Flestir svarenda (88%) töldu að verð á veiðileyfum myndi hækka og ekki nema 8 % að um mikla hækkun yrði að ræða. Um 4% töldu að verðlag ætti eftir að haldast óbreytt. Hugsanlegt að þeir sem telja að veiðileyfi eigi eftir að hækka gætu verði frá veiðifélögum þar sem silungsveiði er í meirihluta.




Svör við spurningu 22. Fjöldi svarenda 26.

Upplýsingar um veiðifélag:

Spurningar 23-25 voru um þau veiðifélög sem tóku þátt í könnuninni.

23. Fisktegundir:


Af þeim veiðifélögum sem tóku þátt í könnuninni var laxveiði í meirihluta (77%) en silungsveiði í minnihluta (23%). Það getur endurspeglad vægi þessara tegunda og verðmæti auk þess sem að félagsleg uppbygging og rekstur er í betur þróað þar sem laxveiði er í meirihluta. Ástundun og verðmæti silungsveiði hefur almennt farið vaxandi hér á landi á undanförunum árum.



23. Svör við spurningu 23. Fjöldi svarenda 26.

24. Á veiðisvæðinu (veiðisvæðunum) er/eru veiðihús?


Í öllum tilfellum var veiðihús á vatnasvæði þeirra veiðifélaga sem tóku þátt í könnuninni.



24. Svör við spurningu 24. Fjöldi svarenda 25.

25. Árleg velta veiðifélags:

Velta þeirra veiðifélaga sem tóku þátt í könnuninni var frá því að vera innan við ein milljón og í að vera yfir 46 milljónir á ári en flest eða 40% voru með veltu á bilinu 26-35 milljónir.



25. Svör við spurningu 25. Fjöldi svarenda 25.

Umræður

Almennt má draga þá ályktun að meirihluti veiðifélaga er reiðubúinn til þess að farið verði í undirbúning rafrænnar skráningar á veiðitölum þótt ljóst sé að ekki verða öll veiðifélög með í því frá byrjun. Jafnframt að birta megi flestar upplýsingar um veiði á netinu jafnóðum. Hluti veiðifélaga telur að einhverjar takmarkanir þurfi ábirtingu niðurstaðna sem hafa þarf í huga og taka tillit til. Ekki lá fyrir hver kostnaður af breytingu yfir í rafræna skráningu verður og hver eigi að standa straum af honum. Búast má við að kostnaður verði nokkur í byrjun vegna þróunar og uppbyggingar hug- og vélbúnaðar.

Af niðurstöðum má ráða að bæta þarf skráningu á veiði einkum hvað varðar skráningu á silungsveiði. Það háa hlutfall af vanskráðri veiði sem fram kom, kom nokkuð á óvart og leiðir til þess að það þarf að skoða sérstaklega því þar er um að ræða hækkun á veiðiálagi frá þeim tölum sem fyrirleggja úr rannsóknum. Það bendir því til að veiðiálag sé enn hærra en áður hefur verið talið hér á landi. Jafnframt að það sem eftir er í ánum til hrygningar sé minna en gögn frá talningum að frádregnum uppgefnum afla sé lægri sem því nemur.

Almennt gefa þessar niðurstöður vísbendingar um viðhorf veiðifélaga til ýmissa annarra þátta er viðkemur veiðimálum og ætti að geta nýst samtökum veiðifélaga og stjórnvöldum við stefnumörkun í veiðimálum. Líklegt er að nýta megi þessar aðferðir við könnun á afstöðu veiðifélaga til fleiri þátta er lúta að veiðimálum í framtíðinni. Hugsanlega gæti verið vænlegra að beita póstdreifingu í slíkum könnunum til að hækka hlutfall svara og auka gildi og marktækni niðurstaðna.

Þeim sem tóku þátt í könnuninni eru þökkun svörin.

Viðauki.
Spurningalisti.

Könnun á viðhorfi veiðifélaga til rafrænnar skráningar veiðitalna

Í 12 gr. laga um lax- og silungsveiði (76/1970) segir: “Hver sá, sem veiði stundar, skal gefa skýrslu um veiði sína. Eigandi veiðiréttinda eða veiðifélag skal heimta veiðiskýrslur af veiðimanni og senda þær veiðimálastjóra”. Veiðimálastofnun hefur eftir aðskilnað við embætti veiðimálastjóra séð um söfnun og úrvinnslu veiðitalna. Ekki þarf að fjölyrða um það skráningarkerfi á veiði sem er hér á landi og er með því albesta sem þekkest hjá laxveiðipjóðum. Skráning veiði er einn af hornsteinum við mat á stöðu stofna og stofnstærðum, við mat á árangri fiskræktaraðgerða og við skiptingu arðs af veiði milli jarða.

Umtalsverð umsýsla er með veiðiskráningu og lætur nærri að um 270 aðilar komi að umsjón með skráningu og sjái um að skila veiðibókum til úrvinnslu. Árlega eru upplýsingar um 100 þúsund fiska tölvuskráðar. Eins og tíðkast hefur frá árinu 1946 eru veiðibækur sendar út fyrir veiðitíma. Þær eru síðan sendar aftur til Veiðimálastofnunar til úrvinnslu eftir veiðitíma. Bækurnar, samantekt á veiðitölum og dreifingu veiðinnar ásamt nýrri veiðibók eru síðan sendar úr fyrir veiðitíma ár hvert.

Upp hafa komið hugmyndir um að skrá veiði rafrænt hliðstætt því sem gerist um skattframtöl. Þá yrðu upplýsingar um veiði tölvuskráðar í veiðihúsunum eða af veiðifélagi og þær sendar rafrænt til Veiðimálastofnunar. Þá er sá möguleiki fyrir hendi að hægt er að sjá veiðitölur daglega, svipað og nú er gert á textavarpri Sjónvarpsins en með meiri upplausn t.d. um stærð fiska, veiðistað og agn. Með slíkri skráningu færast skráning út til veiðifélaga eða ábyrgðaraðila en á móti kemur aukið upplýsingastreymi og hugsanlegt auglýsingagildi (a.m.k. þegar vel gengur). Gæta þarf þess að gæði þeirra upplýsinga sem safnað er með núverandi skráningarkerfi haldist.

Til að kanna hug veiðifélaga til slíks kerfis eru veiðifélög beðin um að fylla út eftirfarandi könnun. Könnunin er nafnlaus og svörin ekki rekjanleg. Vonast er til að niðurstöðurnar hjálpi til við að taka ákvarðanir varðandi framtíðarskref í veiðiskráningu.

Niðurstöður könnunarinnar verða birtar á heimasíðu Veiðimálastofnunar www.veidimal.is og hjá Landsambandi veiðifélaga www.angling.is.

Með kærri þökk fyrir þátttökuna

Sigurður Guðjónsson
Guðni Guðbergsson
Veiðimálastofnun

1. Hvert telur þú ástand núverandi skráningar á veiði í ám og vötnum?

- Mjög gott ()
 Gott ()
 Sæmilegt ()
 Slæmt ()
 Veit ekki ()

2. Er veiðiskráningin að skila þeim upplýsingum sem veiðifélög þurfa?

- Já ()
 Nei ()

Ef nei, hvað vantar: _____

3. Hver telur þú vera gæði skráningar á veiði hér á landi?

- Mjög gott ()
 Gott ()
 Sæmilegt ()
 Slæmt ()
 Veit ekki ()

4. Hvern telur þú vera áreiðanleika skráninga? (Vinsamlega tilgreinið líklega skekkju skráninga í prósentum).

- Mjög áreiðanlegt ()
 Vanskráð % ()
 Ofskráð % ()

5. Hvert telur þú hlutfall ólöglegrar veiði vera á þínu félagssvæði (átt er við veiði utan veiðitíma, meðafla í silunganet og aðra ólöglega veiði)?

Hlutfall % ()

6. Hvað má betur gera varðandi skráningu veiði?

7. Er sítenging (ADSL eða ISDN) fyrir tölvu í veiðihúsinu (á skráningarstað)?

Já ()

Nei ()

8. Telur þú að sítenging (ADSL eða ISDN) fyrir tölvu verði sett í veiðihúsið (skráningarstaðinn) á næstunni?

Já ()

Nei ()

9. Ert þú fylgjandi rafrænni skráningu á veiðitölum í veiðihúsum?

Já ()

Nei ()

Já en er ekki tímabær ()

10. Telur þú að veiðifélagið geti hagnast á rafrænni skráningu á veiðitölum í veiðihúsum?

Já ()

Nei ()

Ef já þá hvernig: _____

11. Ef farið verður út í rafræna skráningu á veiði telur þú að þitt veiðifélag sé líklegt til að taka þátt í henni?

Já ()

Nei ()

Já en ekki fyrr en síðar ()

Já en með skilyrðum ()

Hverjum: _____

12. Ef farið verður út í rafræna skráningu veiði í veiðihúsum telur þú að birta eigi upplýsingar reglulega á netinu?

Já ()

Nei ()

Já en ekki fyrr en eftir veiðitíma ()

13. Hvaða upplýsingar finnst þér að megi birtast í rafrænni skráningu (krossa má við fleiri en einn lið)?

Allar upplýsingar sem skráðar eru í veiðibókina nema nafn veiðimanns sem verður ekki birt vegna verndunar persónuupplýsinga ()
 Fjöldi veiddra fiska eftir dögum ()
 Fjöldi veiddra fiska eftir vikum ()
 Fjöldi fiska eftir mánuðum ()
 Fjöldi fiska eftir árum ()
 Þyngd veiddra fiska ()
 Lengd veiddra fiska ()
 Kyn ()
 Tegund ()
 Veiðistaður ()
 Agn ()
 Beita ()

14. Hver er afstaða þín til “veiða og sleppa”

Fylgjandi ()
 Mótfallinn ()
 Á ekki við hér á landi ()
 Skýring af hverju:

15. Hver eru mikilvægustu málefni varðandi veiði og veiðinýtingu? Raðið í sæti með númerum eftir mikilvægi. 1 er mikilvægast, 2 næst mikilvægast og svo frvámvegis.

Umhverfismál og ímynd ()
 Verndun stofna og sjálfbær nýting ()
 Verðlagning veiði og sala veiðileyfa ()
 Rannsóknir ()
 Fiskrækt ()
 Veiðieftirlit ()
 Stjórnun veiðimála og lagarammi ()
 Annað ()
 Ef annað, hvað: _____

16. Hvernig metur þú ástand fiskstofns (stofna) á þínu félagssvæði?

Mjög gott ()

Gott ()

Slæmt ()

Óviðunandi ()

Hvað vantar helst á:

17. Hvernig metur þú veiðiálag á fiskstofna á þínu vatnasvæði?

Of hátt ()

Hæfilegt ()

Of lítið ()

Veit ekki ()

18. Hverja telur þú vera stöðu þekkingar og rannsókna á fiskstofnum hér á landi?

Of lítil ()

Hæfileg ()

Of mikil ()

19. Hvert af eftirtöldu telur þú helst skorta á varðandi þekkingu fyrir nýtingu fiskstofna almennt (merkja má við fleiri en einn lið)?

Stofnstærð ()

Veiðiálag ()

Tengsl hrygningarstofns og nýliðunar ()

Seiðabúskap og árgangastyrk ()

Áhrif umhverfis á fiskstofna ()

Fiskrækt (seiðasleppingar) ()

Áhrifum eldislaxa á náttúrulega stofna ()

Á afföllum og lífsferli laxa í sjó ()

Þekking á efnahagslegri þýðingu veiðiauðlindarinnar ()

20. Þær upplýsingar sem veiðifélagið hefur um fiskstofna á félagssvæðinu eru (krossa má við fleiri en einn lið):

Engar upplýsingar ()

Eingöngu það sem fram kemur í skráningu í veiðibók ()

Regluleg hreistursöfnun og aldursgreining úr afla ()

Talning með fiskteljara ()

Reglulegar úttektir á seiðabúskap og árgangastyrk seiða ()

Veiðifélagið stendur fyrir reglulegu veiðieftirliti ()

Nýting og fiskrækt fer eftir ráðleggingum fiskifræðinga ()

Fiskrækt er unnin eftir samþykktri fiskræktaráætlun ()

21. Hvert telur þú að verði almennt helsta málefni varðandi nýtingu veiði í ám og vötnum í nánustu framtíð?

22. Hver telur þú að verði almenn þróun í verðlagningu á veiðileyfum hér á landi:

- Hækka mikið ()
 Hækka en ekki mikið ()
 Haldast óbreytt ()
 Lækka en ekki mikið ()
 Lækka mikið ()

Upplýsingar um veiðifélag:

23. Fisktegundir:

- Á félagssvæðinu veiðist nær eingöngu lax ()
 Á félagssvæðinu veiðist nær eingöngu silungur ()
 Á félagssvæðinu veiðist bæði lax og silungur en lax í meirihluta ()
 Á félagssvæðinu veiðist bæði lax og silungur en silungur í meirihluta ()

24. Á veiðisvæðinu (veiðisvæðunum) er/eru veiðihús?

- Já ()
 Nei ()
 Nei en verður byggt á næstunni ()

25. Árleg velta veiðifélags:

- Minni en 1 milljón ()
 1 - 5 milljónir ()
 6 - 15 milljónir ()
 16 - 25 milljónir ()
 26 - 35 milljónir ()
 36 - 45 milljónir ()
 yfir 46 milljónir ()